

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. september 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 410.

5. september 1975.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Húsavíkurborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag á götu svo og að ganga endanlega frá gangstétt. Skipting A-gjalds skal vera sem hér segir:

Til gatna- og holræsaðar	80%
Til vatnsveitu	20%

3. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús	4.0%
Tvíbýlishús og 2ja hæða íbúðarhús	2.0%
Tveggja hæða raðhús og samb. einbýlishús á einni hæð	1.5%
Fjölbýlishús	0.8%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	4.5%
Opinberar byggingar	3.5%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.5%
Verbúðir og gripahús	1.0%

Af kjöllurum, rishæðum og jarðhæðum sem ekki eru notaðar til íbúðar eða atvinnurekstrar svo og bifreiðageymslur, skal greiða hálf gjald.

Gjald skal miða við stærð húss, samkv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við þá stærð húss, sem skipu-

lag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtalдар lágmarksstærðir:

Einbýlishús	500 m ³
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun bygginganefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

4. gr.

Gjöld samkv. 3. grein breytast árlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, sem gildir um hver áramót.

5. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds samkv. 3. gr. skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 70 % af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiðast þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði frá lóðarúthlutun.

6. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbýggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í gjaldskrá þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði á rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi svo og önnur erindi afgreidd í bygginganefnd, sem ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Byggingarfrestur er 8 mánuðir, þ.e. a. s. að lóð fellur aftur til bæjarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

Óski lóðarhafi að segja sig frá veittri lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

50% gatnagerðargjalds endurgreiðast eftir 6 mánuði.

Eftirstöðvar endurgreiðast eftir 12 mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt þegar sú úthlutun fer fram.

8. gr.

Hafi byggingarleyfi verið veitt í bygginganefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, þ.e. 8 mánaða, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem þegar er greitt af sama áfanga.

9. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur bæjarfélaginu síðar vegna ástands hennar.

Lóðarhafi skal hlíta byggingaskilmálum ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum sem til greina kunna að koma.

10. gr.

Bæjarráð getur ákveðið að lækka eða fella niður gatnagerðargjald (A-gjald) af fjölbýlishúsum. Þá er bæjarráði heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af iðnaðar- og atvinnuhúsnæði, enda liggi til þess fullgild rök hverju sinni. Enn fremur getur bæjarráð ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar séu sérhæfðar og afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

11. gr.

B-gjald sem er gjald til að ljúka frágangi götu, umfram það sem segir í 3. gr., þ.e. til að gera slitlag og gangstétt, skal miða við ákveðinn hluta byggingakostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	2.25%
Tvíbýlishús og 2ja hæða íbúðarhús	1.50%
Tveggja hæða raðhús og samb. einbýlishús á einni hæð (raðh.)	1.20%
Fjölbýlishús	0.60%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2.00%
Opinberar byggingar	1.50%
Iðnaðar- og annað atvinnuhúsnæði, vörugeymslur	1.00%
Verbúðir og gripahús	0.80%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Gjald skal miða við stærð húss og lóðar samkvæmt fasteignamatsskráningu.

12. gr.

Gjöld samkv. 11. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk fer fram, og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

13. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum við götur, sem lagðar hafa verið bundnu slitlagi og/eða gangstétt á síðustu 5 árum.

14. gr.

Ganga skal frá greiðslum á gatnagerðargjaldi samkvæmt 11. gr. á eftirfarandi hátt á því ári sem lagning slitlags á viðkomandi götu er ákveðin. Skal við það miðað að gengið hafi verið frá greiðsluskuldbindingum áður en framkvæmdir hefjast við lagningu bundins slitlags.

20% gatnagerðargjalds skulu greidd á framkvæmdarárinu.

Bæjarráð ákveður gjalddaga í hverju tilviki.

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum.

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera 10% vexti er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin þriðja aðila.

Dragist framkvæmdir við viðkomandi götu eftir að gengið hefur verið frá greiðsluskuldbindingum vegna innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það.

Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá sem viðkomandi fasteign er skráð við.

Staðgreiðsluafsláttur skal vera sá sami og nemur innlánsvöxtum af eins árs sparisjóðsbók á hverjum tíma.

15. gr.

Hafi gangstéttargjald áður verið greitt af lóð, skal sú greiðsla koma til frádráttar við álagningu B-gjalds enda hafi það gjald verið innheimt vegna lagningar gangstéttar við viðkomandi götu.

16. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

17. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 14. gr. í eftirfarandi tilfellum:

- a) Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða fullu.
- b) Þegar greiða skal á sama tíma bæði A- og B-gjald, sbr. 16. gr.
- c) Þegar í hlut eiga efnalitlir elli- eða örorkulífeyrisþegar.

18. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Bæjarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.